

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Naustahverfis I, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 18. janúar 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í stækkun skipulagssvæðisins til suðurs, þar sem við bætast 11 einbýlishúsalóðir við göturnar Vörðutún og Vallartún.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 4. apríl 2005.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi vatnstöku í Grábrókarhrauni, Borgarbyggð.

Breytingin felst í því að mörkum skipulagssvæðisins er breytt auk þess sem framkvæmdasvæðinu er skipt í tvo hluta og borholum fækkað úr þremur í tvær. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulagi. Ofangreind breyting á skipulaginu öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 4. apríl 2005.

Sigurður P. Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag á iðnaðarsvæði IS-3 í Vestmannaeyjum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 17. mars 2005 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir borholuvæði á iðnaðarsvæði IS-3 í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 6. apríl 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja,

Sigurður Smári Benónýsson.